



Alþingi
Erindi nr. P 130/471
komudagur 4.12.2003

Akureyri, 3. desember 2003

Alþingi
allsherjarnefnd
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
150 Reykjavík

Tilvísun: *Bréf allsherjarnefndar dagsett 11. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um vernd trúnaðarsambands fjölmiðla og heimildarmanna þeirra ofl., 41. mál, breyting ýmissa laga.*

Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið til að láta í ljós álit sitt á ofangreindu frumvarpi til laga. Félagsvísinda- og lagadeild háskólans hefur kynnt sér frumvarpið og eru umsagnir hjálagaðar.

Virðingarfyllst,

Laufey S. Sigurðardóttir, ritari rektors

Háskólans á Akureyri

Umsögn um lagafrumvarp

130. löggjafarþing 2003-2004

Þskj. 40-41. mál.

Vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum í því skyni að vernda trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og til að vernda starfsmenn ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almennings.

Almennar athugasemdir

Frumvarpið tekur á raunverulegum vanda sem vert er að skoða gaumgæfilega í því skyni að leita leiða til úrlausnar. Með frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði sérstakar reglur til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Þannig er ætlunin að skapa umhverfi sem tryggir betur rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni á valdahafa, stofnanir og mál sem varða almenningshagsmuni.

Við undirritaðir viljum þó spyrja hvort fyrir liggji nægjanleg rök fyrir því að lagabreyting sú sem frumvarpið leggur til sé *nauðsynleg* leið til að ná settu marki í þessu efni. Niðurstaða hæstaréttar í máli á hendur Morgunblaðinu vegna greinaskrifa um endalok Sambands íslenskra samvinnufélaga (sjá greinargerð) virðist til dæmis ekki gefa tilefni til að ætla að lagabreyting sé nauðsynleg til verndar fjölmiðlamönnum og heimildarmönnum þeirra.

Í ljósi þessa má spyrja hvort aðrar leiðir geti verið heppilegri í því skyni að tryggja markmið lagasetningarinnar en sú sem frumvarpið leggur til. Til dæmis mætti kanna hvort heppilegra væri að „uppljóstrun“ fari til sérstaks umboðsmanns sem gætti bæði hagsmuna almennings og uppljóstrarans.

Athugasemdir við einstakar greinar

I. kafli 1. gr.

Í greininni er sagt að starfsmönnum fjölmiðla sé ekki skylt að bera vitni um ákveðna hluti nema í þeim tilvikum þar sem „vitnisburðar er krafist vegna afbrots sem ætla má að muni varða þungri refsingu en fjögurra ára fangelsi...“ Óljóst er hverjum sé ætlað að meta það í hverju tilviki hvort „ætla meg“ að afbrotið varði svo þungri refsingu. Ekki er miðað við refsirammann, svo að ljóst er að einhver verður að leggja mat á eðli hins einstaka máls. En hver? Tæplega er það dómari, því þá væri hann að gera upp hug sinn tvisvar til sama máls og sakborningi stofnað „tvisvar í hættu“.

Virðingarfyllst,

Mikael M. Karlsson
Sigurður Kristinsson
Águst Þór Árnason

Félagsvísinda- og lagadeild
Háskólans á Akureyri

Akureyri,
26. nóvember 2003

Umsögn um frumvarp

til laga um breytingu á lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðla og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla.

Flm. Bryndís Hlöðversdóttir o.fl.

Þskj. 41 – 41. mál.

Almennar athugasemdir

Sérstök ástæða er til að fagna framkomu þessa frumvarps, sem er mjög í anda þeirrar umræðu og þróunar sem orðið hefur síðustu misseri bæði í samtökum blaða- og fréttamanna í Evrópu og eins dómsniðurstöðum hjá Mannréttindadómstól Evrópu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. kafli 1. gr.

a) Mjög mikilvægt er að ekki verði breytt þeim ákvæðum þessarar greinar að ekki einvörðungu blaðamenn eða starfsmenn fjölmiðla séu undanþegnin vitnaskyldu, heldur nái þessi undanþága líka til annarra sem vegna tengsla við fjölmiðil eða við framleiðslu efnis hafa komist yfir upplýsingar um hver heimildarmaður er.

b) Mjög mikilvægt er líka að það ákvæði haldist inni að þessar undanþágur frá vitnaskyldu nái einnig til efnis sem ekki hefur verið birt í fjölmiðlum.

c) Í þessari grein eru einnig sett fram þau viðmið sem dómari á að hafa til hliðsjónar þegar vika þarf til hliðar þeirri reglu að starfsmanni fjölmiðla sé ekki skylt að bera vitni um hver heimildarmaður hans sé. Þar segir: *“Þetta á þó ekki við ef vitnisburðar er krafist vegna afbrots sem ætla má að muni varða þyngri refsingu en fjögurra ára*

fangelsi eða vegna brots á þagnarskyldu í opinberu starfi, enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn máls og hagsmunir af því að upplýsa málið vegi ótvírætt þyngra en hagsmunir almennings af því að fá umræddar upplýsingar í hendur.” Hér er orðalag örlítið óskýrt, einkum varðandi þagnarskylduna þar sem orðalagið á skilyrðunum tengist fyrst og fremst afbrotinu. Hugsanlega má um það deila hvort aukasetningin um að hagsmunir af því að “upplýsa mál” annars vegar og almannahagsmunum hins vegar eigi við rannsóknarhagsmuni í brotamáli einvörðungu eða bæði um rannsóknarhagsmuni í afbrotamáli og broti á þagnarskyldu. Skýrara væri einfaldlega að aðgreina þessi skilyrði og hafa þau í tveimur setningum, enda í eðli sínu ólík og ekki víst að eðlilegt sé að leggja sams konar mælistiku á þau.

d) Þá er ástæða til að leggja áherslu á það – m.a. í ljósi reynslu frá Belgíu og nýlegs dóms Mannréttindadómstóls Evrópu (Wolter v. Roemen, febrúar 2003) – að það ákvæði haldist inni í lögum að óheimilt sé að nota sönnunargögn fyrir dómi sem afað hefur verið með húsleit og hafa að geyma upplýsingar um höfund eða heimildarmann efnis sem birt hefur verið. Hugsanlega væri ástæða í þessari síðustu málsgrein að hnykkja á því að þetta gildi líka þótt viðkomandi upplýsingar hafi ekki verið birtar.

II. kafli gr. 2

a) Athygli vekur að í þessari grein eru ákvæði sem heimila að víkja til hliðar undanþágu um vitnaskyldu fjölmiðlamanna sem eru ekki samhljóða því sem sagt er í 1. gr. Í þessari grein er talað um að “enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn máls og hagsmunir af því að upplýsa málið vegi þyngra en hagsmunir almennings af því” Þetta er lægri þröskuldur en settur er varðandi meðferð opinberra mála í 1. gr. þar sem segir: “enda sé vitnisburður nauðsynlegur fyrir rannsókn máls og hagsmunir af því að upplýsa málið vegi *ótvírætt* þyngra en hagsmunir almennings af því...” Eðlilegt er að sama regla gildi í öllum tilfellum og þá miðað við orðalagið í 1. gr.

Háskólinn á Akureyri,

Birgir Guðmundsson